

Ritari: Laufey Sif Ingólfssdóttir


Mættir: Victor, Dúna, Jóna, Áslaug, Hrafnhildur, Laufey

Dagskrá Fundarins:

1. Fjármál
2. Viðburðir
3. Plúsinn
4. Heimsmarkmið 4.7
5. Ungmennaráðin
6. Hlustun Átakið
7. Barnaréttindavaktin
8. Rafípróttir
9. Önnur mál

Málefni sem rædd voru:


- Strykir sem samtökin hafa fengið uppá síðkastið. Fengum styrk uppá 4.milljónir úr Covid sjóðnum og 1.milljón úr styrktarsjóð.Rekstur samtakanna sennilega tryggður út árið.
- Staðsetning fyrir stíl og danskeppni rædd.
- Umræður um að færa mögulega söngkeppnina fram til 7.maí og hvenær þyrfti þá að vera búíð að skila inn upplýsingum um lag, er það fyrstur kemur fyrstur fær aftur?
- Aðkoma stjórnar að viðburðum rædd og með hvaða hætti stjórn getur markvissara tekið þátt í viðburðum.
- Hvenær á að halda aðalfund, hvar og með hvaða hætti, miðað við núverandi sóttvarnarreglur. Málþing hjá háskólanemum í tóm og fél er sama dag upp aðalfundur var upphaflega planaður, er möguleiki á að finna nýja dagsetningu?
- Það hefur verið hefð á að gefa út heiðursviðurkenningu og hvatningarverðlaun á aðalfundi. Halda því áfram og þá með hvaða móti?
- Samtal við ráðherra varðandi Plúsinn er ekki að gerast eins og staðan er núna. Ráðherrar sem hafa ekki mikinn skilning á vettvangnum eiga erfitt með að sjá conceptið fyrir sér nema að koma og sjá og þá er erfitt að fá fjármagn og styrki.
- Hugmyndir ræddar um að plúsinn væri kannski meira félagsmiðstöð fyrir fólk á vettvangi. Þar sem starfsfólk getur hist sama hvað, hvort sem fræðsla eða hvað annað.
- Húsnæðismál varðandi plúsinn rædd. H er búin að skrifa bréf á alla til að athuga hvort hægt sé að vera í styttri tíma á einhverjum stöðum og mögulega vera færanleg og ekki festa okkur í langtíma leigusamningum.
- Ráðstefna um heimsmarkmið 4.7 verður á netinu 11.mars. Aðaldagskrárliður er kortlagningin. Auglýsingin fyrir viðburðinn er mikilvægust fyrir okkur. Von er á að allir skili inn skýrslum fyrir 1.mars.
- Nýr starfsmaður er byrjaður hjá samtökunum, starfsmaður ungmennaráða samfés, og rúllar vel af stað.
- Næsti fundur ungmennaráðs verður sennilega gistifundur í kringum samfés og stíl.
- Framkvæmdarstjóri kynnir fyrir okkur „Hlustun átakið!“. En nokkur félagasamtök hafa tekið sig saman í tengslum við þetta átak. Planið er að senda út einföld skilaboð og slagorð á foreldra til vitundarvakningar um hversu mikilvægt er að eiga í góðum samskiptum við börnin sín og læra að hlusta.
- Rætt um Barnaréttindavaktin og önnur áframhaldandi verkefni sem snúa að réttindum barna.



- Sérstök rafíþróttanefnd sem SAMFÉS er hluti að. Ó hjá RÍSí var gerður að formanni, hann setti upp stefnu og bauð fólki til að skoða hana. ÍSí er ekki að kaupa þetta, finnst ekki passa að vera með bannaða skotleiki innan ÍSí. Sýn SAMFÉS á þessu tiltekna málefni rætt.
- Norrænt rafíþróttamót verður haldið 4-5.júní, gert ráð fyrir 300-400þátttakendum. S & M eru okkar tengiliðir við mótið.
- H er búin að senda á J og óska eftir því að SAMFÉS fái að koma inn í tómsunda- & félagsmálafræði námið með fastar kynningar á samtökunum.
- Samtökunum barst tölvupóstur frá Flúðum á dögnum þar sem óskað er efir hverjar reglur/viðmið á starfsemi félagsmiðstöðvar eru og hvernig er hægt að nálgast það. Þarna hefur foreldrafélag verið að fá greitt fyrir að sinna vöktum í félagsmiðstöðinni.
- Verið er að útbúa „möppu“ með öllum helstu upplýsingum samtakanna sem gott væri fyrir nýja stjórnarmeðlimi að fá að glugga í áður en stjórnarseta hefst.
- Rætt að þörf sé á því að birta alltaf fundargerðir af stjórnarfundum á heimasíðu samtakanna fyrir aðildarfélaga.

Ákvarðanir teknar á fundi:

- Gjaldkeri og Framkvæmdarstjóri fara yfir stöðu samtakanna og hvort reksturinn sé ekki örugglega tryggður út árið.
- Danskeppni Samfés fer fram í Gamlabíó
- Stíll fer fram í Digranesi
- Framkvæmdarstjóri sendir út póst á morgun til þess að athuga hvað vettvangi finnst um að færa dagsetninguna söngkeppninnar fram til 7.mái.
- Frestur til að skila inn lagi fyrir þátttöku í söngkeppni verður einnig fært fram. Fyrstur kemur fyrstur fær með lagið. Dílum við það ef upp kemur einhver neikvæðni varðandi þetta.
- Verkefnastjóri setur upp verkefnalista fyrir viðburðina samtakanna í google docs og hendir svo á stjórn og stjórn skráir sig á verkefni
- Aðalfundur samfés mun fara fram 21.apríl frá 13:00-16:00 í Smárabíó, allir verða með númeruð sæti og farið verður eftir mjög ströngum reglum svo að viðburðinum geti orðið.
- Framkvæmdarstjóri ætlar að hafa samband við Guðmund Ara eða Andra Ómars uppá fundarstjórn á aðalfundi.
- Á tekur að sér að verkefnastýra tilnefningum til hvatningarverðlauna SAMFÉS. Framkvæmdarstjóri sendir Á það sem hefur verið sent út áður vegna þessa.
- Planið er að finna húsnæði fyrir plúsinn fyrir 1.apríl.
- Ráðstefna á netinu 11.mars. Framkvæmdarstjóri sendir inn allskyns video sem verða sýnd á ráðstefnu, vegna Heimsmarkmiða 4.7, 11.mars.
- Sýn SAMFÉS á bönnuðum leikjum, tengt rafíþróttum, er þannig að þetta á ekki að tengjast beint líkamlegum íþróttum heldur að búa til félagslegt umhverfi fyrir börn. Okkar ósk er að samnýta fræðslufni sem er búíð til og halda úti ókeypis kynningu fyrir starfsfólk.
- Framkvæmdarstjóri sendir þau viðmið sem nú eru til á þau á Flúðum og lætur vita að verið sé að uppfæra viðmiðin og þau muni vera birt á aðalfundi. Stjórn veltir fyrir sér hvort það stangist ekki á við reglur, er varðar ráðningu á frístundaleiðbeinanda, þegar að foreldrar koma og standa vaktina. Eru þau öll með hreint sakavottorð og með reynslu til að sinna þessu? Eða með hvaða hætti er hægt að tryggja að svo sé?
- L sendir fundargerðir á Stjórn sem fer yfir þær og gefur álit hvort þær séu birtingahæfar á heimasíðu í kjölfarið eru þær birtar.



- Stefnumótunarvinna – Framkvæmdarstjóri sendir út á aðildarfélög til að athuga hvort einhver hafi eitthvað til málanna að leggja eða vilji koma að þessari vinnu.

Umræður sem taka þarf fyrir á næsta fundi:

- Sér fundur varðandi starfsmannamál og hvernig við viljum sjá þetta fyrir okkur í framtíðinni.
8.mars kl 12:00